

Hverfisnefnd Naustahverfis

57. fundur, 31. mar. 2014

Fundur haldinn á Naustatjörn, kl. 20:00 – 21:30

Mættir: Anna Sjöfn Jónasdóttir, Gunnar Valur Eyþórsson, Ómar Ívarsson, Bjarni Sigurðsson, Claudia Lobindzus og Gísli Rúnar Magnússon

Fundargerð ritaði Gísli Rúnar Magnússon

1. Umhverfisátak 2014

Farið yfir hvernig málin standa gagnvart umhverfisátaki Akureyrarbæjar (tveggja milljón króna fjáveitingunni). Óskir nefndarinnar þetta árið voru þessar:

- Þrektæki á leiksvæði við Ljómatún.
- Upplýsingaskilti með gatnakerfi hverfisins við aðkomuleiðir inn í hverfið.
- Kastarlýsing við aðalgangabraut á Kjarnagötu við Naustaskóla.

2. Framboðsfundur í vor

Hverfisnefnd hefur áhuga á að halda framboðsfund með fulltrúm þeirra flokka sem koma til með að bjóða fram í sveitarstjórnarkosningunum í vor líkt og við gerðum fyrir kosningarnar 2010. Stefnum að því að hafa fundinn aðra vikuna í maí, þ.e. fimmtudaginn 8. maí, kl. 20-22. Settar á blað nokkrar spurningar sem við komum til með að senda á framboðin fyrir fundinn.

3. Kjarnagata – hlykkurinn neðan Jaðarstúns

Hvenær stendur til að taka hlykkinn af Kjarnagötu neðan Jaðarstúns?

4. Bílastæði við leikskólann

Hvenær á að gera (starfsmanna-) bílastæðin við Naustatjörn sem áformuð eru á mótum Klettatúns og Hólmatúns, þar sem áður var áformað að að hafa grenndargáma.

Fleira ekki rætt. Fundi slitið kl. 21:30. Næsti fundur, að öllu óbreyttu, áætlaður 28. apríl kl. 20:00 á Naustatjörn.